

Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR 2. JÚNÍ 2015

• Stofnað 1913 • 127. tölublað • 103. árgangur •



ELDSPÚANDI
DREKAR Á AF-
MÆLISSÝNINGU

KAPELLUHRAUN BÍLAR



DULBJÓST
SEM KARL-
MAÐUR

MAGNUMARIA 30

HEILLADIST UNG
AF ÍSLENSKU
FORNSÖGUNUM

VESTUR-ÍSLENDINGURINN TRISH 10



Ljósmaður leita út

● Ljósmaður svektar út í kerfið og margar undirbúa umsókn um leyfi til að starfa á Norðurlöndum ● Iðnaðarmenn samþykkja sex daga verkfall frá 10. júní

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Rúmlega tuttugu ljósmaður undirbúa það að sækja um vinnu annars staðar á Norðurlöndum. Félagsmenn í sex samtökum iðnaðarmanna sem eru í samfloti í kjaraviðræðum við vinnuveitendur samþykktu að boða til vikulangs verkfalls frá 10. júní, hafi ekki samist.

Í síðustu viku sóttu 22 ljósmaður sér skjöl til landlæknis til staðfestingar á réttindum sínum til að geta sótt

um leyfi til að starfa annars staðar á Norðurlöndum. Samsvarar það 17% ljósmaðra á Landspítalanum. Tvær hafa þegar ráðið sig til Svíþjóðar.

„Ég tel að þetta sé fyrst og fremst vegna launanna, þær séu að sækja sér peninga,“ segir Áslaug Valsdóttir, formaður Ljósmaðrafélags Íslands. „Fleiri eru að líta til þess að hreyfa sig. Það er svekkelsi með vinnustaðinn, svekkelsi með að fá ekki full laun fyrir vinnuna undanfarna mánuði og leiði vegna langvarandi álags á deildunum.“

Vinnudeilur

» Tvær ljósmaður eru fluttar utan, til Noregs, og að minnsta kosti þrettán fara reglulega til afleysinga í Noregi á vegum ráðningarskrifstofa.

» Iðnaðarmenn samþykktu sex daga verkfall 10. júní og ótímabundið verkfall frá 24. ágúst.

75% félagsmanna í 25 stéttarfélagum iðnaðarmanna samþykktu að boða verkfall. „Skilaboðin eru þau að félagsmenn styðja okkar kröfur. Það er fyrst og fremst launabróunartryggingin sem við teljum óásættanlega. Iðnaðarmenn skipta oft um vinnu og missa þar með af hækkunum. Svo verðum við að fá hækkun vegna menntunar, annars verður of litill munur á milli hópa,“ segir Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar.

Kjarasamningar » 4, 12, 13



Geymsla Kvikmyndasafn Íslands varðveittir fjölda íslenskra kvikmynda.

Varðveislu sjónvarpsefnis víða ábótavant

„Þetta er kapphlaup við tímann svo þetta glattist ekki og einhvern tíma verður of seint í rassinn grip- ið,“ segir Elsa Ingibjargardóttir sem skrifaði meistararitgerð í bókasafns- og upplýsingafræði um varðveislu á íslensku sjónvarpsefni og tengsl þess við menningararf- inn. Segir hún lyklu og skráningu efnis hjá einkareknu stöðvum víða ábótavant og RÚV varðveiti sjónvarpsefnið best. Einkastöðv- arnar falli þó ekki undir sömu regl- ur og ríkisstofnanirnar hvað þetta varðar.

Rétt sé að veita faglega ráðgjöf um mikilvægi varðveislunnar og til dæmis eigi að auka samstarf Kvik- myndasafnsins við sjónvarpsstöðv- arnar. „Auðvitað þyrfti alltaf meira fjármagn frá ríkinu svo þetta yrði að veruleika.“ » 18

Ekki grunur um misferli læknanna

Forseti læknadeildar Háskóla Ís- lands segist ekki geta séð neinn grun um aðkomu íslenskra lækna að meintu misferli í tengslum við niðurstöður greinar um barka- ígræðsluáðgerð sem birt var í læknafréttiritinu *Lancet*. Magnús Karl Magnússon hefur rýnt skýrslu sem Bengt Gerdin, próffessor í skurðlækningum, gerði um grein- ina. Tveir íslenskir læknar voru meðhöfundar greinarinnar. » 15

Setningarhátíð Smáþjóðaleikanna í Laugardalshöll



Morgunblaðið/Golli

Eldurinn mun loga fram á laugardagskvöld

Smáþjóðaleikarnir voru settir við hátíðlega athöfn í Laugardalshöll í gær. Þátttökupjóðirnar nfu keppa í ellefu greinum fram á laugardag.

Það var sundkonan Ragnheiður Runólfssdóttir sem tendraði eld leikanna í Laugardal en þar mun eldurinn blakta alla keppnisdagana. Um

1.200 gestir eru á landinu vegna leikanna og fjöldi þeirra greip tækifærið í gær til að ná mynd af sér með eldinn í baksýn. » Þróttir

Nýtt Klambratún er á teikniborðinu



Fjör Brugdóttir á leik á Klambratúni

■ Á meðal hugmynda fyrir nýtt Klambratún er tjörn sem einnig yrði nýtt sem skautasvell, tónleikasvið og rósa- garður. „Parna er verið að skoða rýmin í garðinum, sem við erum að skipu- leggja, sem eina heild,“ segir Ólafur Ólafsson, deildarstjóri op- inna svæða hjá Reykjavíkurborg.

Einnig á að flytja styttuna af Einari Benediktssyni að Höfða en áætlað er að tilfærslan á nýjan stað kosti um 15 milljónir króna. » 6

Gjaldeyrisstaðan stórbatnar

● Óskuldsettur gjaldeyrisforði SÍ tvöfaldast á hálfu ári

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is


Mismunur gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands og lána Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendri mynt er nú jákvæður um 112 milljarða kr.

Þessi jákvæði mismunur hefur aukist hratt að undanförmu. Hann var þannig 47 milljarðar í desember og hefur því meira en tvöfaldast síðan að sögn Seðlabankans.

Metfjöldi erlendra ferðamanna í vetur á þátt í að gjaldeyrisforði Seðlabankans hefur aukist. Erlendir ferðamenn skilja eftir erlendan

Gjaldeyrisforði Seðlabankans

Óskuldsettur forði í milljörðum



gjaldreyri sem endar hjá bönkunum og síðan kaupir Seðlabankinn gjaldreyrinn af bönkunum á milli- bankamarkaði. Það eru umskipti frá síðustu árum að mismunur forðans og lána sé orðinn 112 milljarðar, enda var talan lengi í mínus.

Magnús Stefánsson, hagfræðingur hjá Landsbankanum, segir að góð staða forðans ætti að hjálpa til við losun hafta. „Það verður þó að teljast ólíklegt að planið sé að Seðlabankinn selji úr forðanum nema til að jafna skammtímasveiflur. Það hefur a.m.k. verið stefnan hingað til,“ segir Magnús. » 16

20 kíló farin!

„Það eina sem hefur virkað fyrir mig.“

Jóhanna Sveinsdóttir



gengurvel.is

Hefur óbilandi áhuga á Íslandi og norrænni goðafræði

Hún var ekki nema ellefu ára þegar hún fann bók um norræna goðafræði á skólabókasafninu í Victoria í Kanada en sá áhugi sem vaknaði þá hefur aukist allar götur síðan. Vestur-Íslendingurinn Trish hefur komið oftar til Íslands en hún hefur tölu á.

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khk@mbl.is

Ég kom fyrst til Íslands með fjölskyldu minni þegar ég var ellefu ára og ég hef alla tíð síðan haft mikinn áhuga á íslensku arfleifð minni. Ég lærði snemma að syngja „Allir krakkar“, en sú hefð í minni fjölskyldu að kenna börnum þann söng hefur haldist í gegnum kynslóðirnar. Faðir minn Pálmi Berg lést þegar ég var 16 ára og þá flutti móðir mín suður til Vancouver en ég ákvað að fara til Íslands og ég bjó þá á Akureyri hjá föðurbróður mínum, Ágústi Berg, sem var sá eini úr fjölskyldunni sem snéri heim til Íslands, en það var í Kreppunni miklu um 1930. Ég var þar í menntaskólanum í einn vetur og þar kenndi Ásmundur Jónsson mér íslensku,“ segir Vestur-Íslendingurinn Patricia Ann Baer, fædd Berg og oftast kölluð Trish, en hún var nýlega í stuttri heimsókn á Íslandi. Hún hefur komið svo oft hingað til lands að hún hefur ekki lengur tölu á því.

Rúllupylsur og vinartertúr

Trish skilur íslensku ágætlega og getur talað hana svolítið, enda lærði hún íslensku í háskólanum í Kanada, bæði nútímaíslensku og forníslensku, og hún hefur einnig setið námskeið í íslensku hér á Íslandi.

„Par sem mamma mín var kanadísk var ekki töluð íslenska á bernskuheimili mínu en pabbi kenndi mömmu uppskriftir að íslenskum mat og því voru íslenskar rúllupylsur og vinartertúr á borðum hjá okkur.

Pabba fannst ekki vera afmæli nema það væri vinarterta, gerð eftir íslensku uppskrift,“ segir Trish, sem ólst upp í Whitehorse í Yukon. Afí hennar og amma, Guðmundur Sigurðsson frá Seyðisfirði og Guðbjörg Eyjólfsdóttir frá Suðurlandi, kynntust í Kanada þangað sem þau fluttu hvort í sínu lagi árið 1904.

Myndir af guðum og hetjum

Trish var ung að aldri þegar hún heillaðist af íslenskum fornsögum. Hún var ekki nema ellefu ára þegar hún fann bók á skólabókasafninu um norræna goðafræði og áhuginn hefur heldur betur vaxið með árunum. Hún hefur menntað sig á þessu sviði, stúderað fornsögurnar og Eddu og miðlað fræðunum sem kennari. Og nú starfar hún sem miðaldrafræðingur við Háskólann í Victoria.

„Ég kom margoft til Íslands þegar ég vann að doktorsverkefni mínu, en þar rannsakaði ég sögu myndskreytinga í handritum, frá munnmælasögum til mynda á steinum og að lokum í snemmprentuðum handritum í Skandinavíu. Þetta eru aðallega myndskreytingar af guðum og hetjum úr goðafræðinni. Hluti af þessu doktorsverkefni var að setja upp vefsíðu þar sem nú eru komnar inn 105 myndir en ég á enn eftir að setja 100 myndir í viðbót þar inn.“

Bóndinn Jakob myndskreytti

Trish finnst heillandi að skoða smáatriðin á myndunum og bera þær saman, því oft segja þau eitthvað um teiknarann, sem kannski gerir sína útgáfu af mynd sem annar hefur teiknað áður. Teiknarinn bætir kannski einhverju við eða sleppir,



Morgunblaðið/Eggert

Á Íslandi eina ferðina enn Trish finnst alltaf jafn gaman að koma til Íslands og hefur eignast hér marga vini.

teiknar kannski Þórshamar þar sem annars væri kross.

„Í doktorsritgerðinni minni eru 39 teikningar eftir íslenska teiknarann Jakob Sigurðsson, sem var fæddur árið 1727 á Skeggjastöðum. Hann var merkilegur maður, bóndi sem var sjálfmenntaður í teikningu, en talið er að hann hafi lært heimlíkið af Ólafi Brynjólfssyni sem var fösturbróðir hans og síðar uppalandi. Stundum kóperaði Jakob myndir annarra, eins og venja var, en hann gerði alltaf líka sínar eigin útfærslur. Það sem er merkilegt við Jakob er að hann teiknaði myndir við Gylfaginningu fjórum sinnum og hann teiknaði myndirnar tvisvar í „the set of 16 Edda“, einu sinni í handritinu NKS 1867 4to, og aftur í handritinu SAM 66 4to. Hann samdi líka ljóð við myndirnar sem hann skrifaði neðst á þær,“ segir Trish og bætir við að því

sé haldið fram að Ólafur Brynjólfsson hafi gert myndirnar sextán í handritinu NKS 1867 4to, en hún hafi sýnt fram á í ritgerð sinni að það hafi verið Jakob sem gerði teikningarnar. Ólafur hafi aftur á móti ritað textann.

Rímur og goðafræði næst

Þegar Trish flettir í tölvunni upp tveimur myndum eftir Jakob kemur í ljós hversu mikill listamaður hann hefur verið. „Þetta eru tvær útgáfur af myndum eftir hann sem sýna böndum komið á Fenrisúlfi í Gylfaginningu. Önnur myndin er í Melstada-Eddu, sem hefur verið kölluð síðasta handritið sem skilaði sér heim, því það var ekki fyrir en núna um aldamótin 2000 sem það kom til Íslands,“ segir Trish, sem hefur kynnt doktorsverkefni sitt bæði í Árósum og Kanada. Hún er með ýmislegt á þróunum og ætlar



Ekkert smáverk Trish var tíu ár að sauma út Riddarateppið stóra.

að koma til Íslands aftur árið 2017 með 18 stúdentum frá Kanada, til að vinna verkefni með Guðrúnu Ingimundardóttur, um rímur og goðafræði, en Guðrún ætlar þá að stofna sumarskóla á Akureyri.

„Ég starfa líka fyrir Beck-

LEIKA SÉR UM HELGAR

& HJÓLA Í VINNUNA Á VIRKUM DÖGUM!



cannondale
CAADS 6 TIAGRA

• 210.000,-

• 529.900,-

cannondale
SYNAPSE ULTEGRA CARBON 56CM

cannondale

ÞÚ NÝTUR ÞESS AÐ MOKA INN KÍLÓMETRUNUM Á CANNONDALE
...OG VELUR LENGRI LEIÐINA HEIM.

GAP

HJÓLA- OG SPORTVÖRUVÆRSLUNIN · FAXAFENI 7 · REYKJAVÍK · SÍMI 5 200 200

VERSLAÐU Á
WWW.GAP.IS

Karlmennska meðal hælisleitenda og flóttamanna



Flóttamenn Hælisleitendur ganga oft í gegnum mikla erfiðleika.

„Af hverju sérðu mig ekki sem manneskju?“

Mannfræðifélag Íslands stendur fyrir fyrirlestri í kvöld þar sem Árdís Kristín Ingvarsdóttir, doktorsnemi í mannfræði við Háskóla Íslands, flytur erindið „Af hverju sérðu mig ekki sem manneskju?“ Samræður um karlmennsku meðal hælisleitenda og flóttamanna í Grikklandi í gegnum linsu mannúdar og mannréttindabaráttu. Fyrirlesturinn er byggður á frumniðurstöðum Árdísar eftir etnógrafískri rannsókn í anarkistahverfinu Exarhia í Aþenu á árunum 2012 og 2014-2015. Aðalfókusinn er á hvernig

karlkyns hælisleitendur og flóttamenn af ýmsum uppruna mótuðu kynjaða ímynd sína í gegnum fjölbætta reynsly af ferðalögum, fólki og dvalarstöðum. Langflestir þeirra sóttust eftir betra lífi sem gæti gefið þeim öruggi og möguleika á að eiga öruggt fjölskyldulíf. Oftast töldu þeir að með vinnusemi eða aukinni menntun gætu þeir náð þessum markmiðum. Fyrirlesturinn verður í Reykjavík-urAkademíunni, Þórunnartúni 2, 4. hæð og hefst kl. 20. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.



Böndum komið á Fenrisúlfi Ein af myndum Jakobs sem Trish rannsakaði, hún er í handriti SÁM 66 78v, í eigu Stofnunar Árna Magnússonar.

sjóðinn, en á hans vegum fáum við fólk til Victoria til að halda fyrirlestra um hvaðeina sem viðkemur Íslandi. Við höfum tekið á móti yfir hundrað fyrirlesurum á þeim 17 árum sem hann hefur starfað, en stofnendur hans eru hjónin Richard Beck, sem var frá Svinaskálastekk á Reyðarfirði, og Margaret Beck. Richard kom oft til Íslands til að

halda fyrirlestra á meðan hann lifði. Árið 1944 var honum boðið til Íslands til að halda ræðu á 17. júní á lýðveldishátíðinni.

Væri gaman að fá Hríta

Áhugi Trish á fornsögum hefur einnig fengið útrás í útsaumi, hún gerði sér lítið fyrir og saumaði út risastórt Riddarateppi, en það tók



Guðbjörg Eyjólfsdóttir Föðuramma Trish, hér orðin gömul kona í Kanada.

hana tíu ár. Upprunalega teppið hangir uppi á Þjóðminjasafninu hér á Íslandi. Hún safnar líka skartgripum með myndum úr gömlum handritum og á m.a. eitt hálsmen með mynd úr Gylfagynningu frá gullsmiðnum Guðbjarti Þorleifssyni.

Trish er varaformaður Íslendingafélagsins í Victoria og horfa þau oft á íslenskar kvikmyndir

þegar þau koma saman. „Það væri gaman að fá kvikmyndina Hríta til okkar.“

Vefsíða Trish: www.myndir.uvic.ca
Íslendingar í Victoria:
www.icelanders-victoria.ca
Sjóður Richards og Margaretar Beck: www.web.uvic.ca



Afi og amma Guðbjörg og Guðmundur á sínum yngri árum.



Glæsileg Trish sem fjallkona.



EFLA Verkfræðistofa – heimsókn á landsbyggðina

í þættinum **Atvinnulífið**
sem er á dagskrá **Hringbrautar**
kl. 21.00 í kvöld.

Síðari þáttur af tveimur.

- Þjónusta við álver Alcoa í Reyðarfirði og Síldarvinnsluna Neskaupsstað
- Ylströnd við Urriðavatn á Héraði, Vaðlaheiðargöng og ofanflóðavarnir
- Drónar og flygildi á Suðurlandi
- Umsjón með malbikunarframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu

ATVINNULÍFIÐ

Missið ekki af áhugaverðum þætti um starfsemi EFLU Verkfræðistofu og viðtölum við svæðisstjóra á landsbyggðinni og framkvæmdarstjórann Guðmund Þorbjörnsson.

Á dagskrá
Hringbrautar
í kvöld kl. 21.00

Hringbraut næst á rásum
7 (Síminn) og 25 (Vodafone)



HRINGBRAUT
við miðlum af reynslu